Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 30.9.2024
24052416

Tillaga
Lista- og menningarráð vísar því til bæjarritara að vinna tillögu að skipuriti menningardeildar, Lista- og menningarráðs og menningarstofnana bæjarins, í samræmi við fyrirliggjandi gögn og góða stjórnsýsluhætti. Tillaga bæjarritara verði rædd í ráðinu við fyrsta tækifæri.

Greinargerð
Menningarhús Kópavogsbæjar eru fimm: Salurinn, Bókasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Héraðsskjalasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs. Þá er útibú Bókasafns Kópavogs staðsett í Lindaskóla. Fyrir hendi eru stofnskrár nokkurra menningarhúsanna, þó ekki allra, en framkvæmd þeirra hafa tekið nokkrum breytingum frá því sem fyrst var. Svo dæmi séu tekin hafa stjórnir Héraðsskjalasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu verið lagðar niður og Náttúrufræðistofa Kópavogs og Gerðarsafn deila nú forstöðumanni. Í stofnskrám sumra menningarhúsanna, svo sem stofnsamþykkt Héraðsskjalasafns Kópavogs og stofnskrá Náttúrufræðistofu Kópavogs, er kveðið á um að viðeigandi stofnun heyri undir Lista- og menningarráð en önnur menningarhús heyra annað hvort bæði undir Lista- og menningarráð og forstöðumann menningarmála eða einungis forstöðumann menningarmála. Við bætist að stofnsamþykkt Héraðsskjalasafns Kópavogs var felld úr gildi á fundi bæjarstjórnar 25. apríl 2023 en málefni ráðsins eru enn á borði Lista- og menningarráðs, skv. erindisbréfi ráðsins. Af þessu hefur hlotist að boðleiðir eru óskýrar og vafi leikið á um heimild til ákvarðanatöku hlutaðeigandi aðila. Einnig hefur verið gengið framhjá Lista- og menningarráði í veigamiklum atriðum er lúta að starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs og Héraðsskjalasafns, þó skýrt sé í erindisbréfi að ráðið sé stjórn stofnananna.

Kveðja,
Árni

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026